

Jólatrjáamarkaður á Íslandi – núverandi staða og þróun

Pavle Estrajher


Meðstjórnandi, Skógræktarfélag Íslands

Jólatré almennt



Um fimmtán þúsund jólatré eru flutt árlega til Íslands, aðallega frá Danmörku, og eru þau að langmestu leyti normannspínur. Þessi tala hefur verið nokkuð stöðug síðustu fimm ár. Sala á heimaræktuðum trjám er um það bil helmingi minni og nemur um átta til níu þúsund trjám árlega, þó með nokkrum sveiflum. Óljóst er hvort svokölluð aðventu- eða tröpputré séu talin með, en notkun þeirra sem stofutrjáa fer vaxandi. Stafafura er vinsælasta íslenska jólatrjáategundin og hentar hún sérstaklega vel til notkunar innandyrna þar sem hún fellir lítið af nálum. Dönsku trén eru aðallega seld í byggingarvöru-, garðyrkju- og húsgagnaverslunum og einnig selja björgunarsveitafélög þau. Íslensk jólatré eru auk þess einnig seld af skógræktarfélögum í heild- og smásölu.

Val á trjám




Samkvæmt könnun Maskínu frá 2022 ætluðu flestir kaupenda að vera með gervitré. Fjöldi þeirra sem ætluðu að vera með alvöru tré var næstmestur og fæstir aðspurðra ætluðu ekki vera með jólatré. Fjöldi þeirra sem velja gervitré er að aukast og fór úr 50% árið 2010, í 55% í dag, sem og fjöldi þeirra sem verða ekki með tré (9% árið 2010 en 17% í dag). Fjöldi þeirra sem verða með „lifandi“ tré er hins vegar að minnka og var um 42% árið 2010 en er 26% í dag.

Ekki er gott að segja hvað veldur þessum samdrátt í sölu lífrænna jólatrjáa en vísbendingar eru í könnun um trúarbrögð og náttúruverndarsinni (kjósendur Sósíalístaflokksins velja frekar að vera ekki með tré (trúleysi), kjósendur Vinstri grænna velja frekar lífrænt tré (náttúruvernd).

Verð á íslenskum jólatrjám er oft töluvert herra en á innfluttum trjám og getur stundum verið allt að tvöfalt. Innflutt tré eru yfirleitt flokkuð eftir gæðum með mismunandi verðflokkum, en íslensk tré eru sjaldan flokkuð með sama hætti og oftast seld á einu verði. Sérstaða íslenskra trjáa spilar hér inn, enda eru þau yfirleitt höggvin í skógum skógræktarféлага eða skógarbænda, oft í samstarfi við björgunarsveitir. Hluti verðsins rennur þannig til uppbyggingar skógræktar og samfélagsverkefna, sem réttlætir að einhverju leyti herra verð. Auðvitað er erfitt að keppa við stóriðju (Danmörk er stærsti framleiðandi jólatrjáa í Evrópu og framleiðir árlega yfir tíu milljón tré). Þó er svigrúm til að efla sölu íslenskra jólatrjáa. Sérstaða þeirra er ekki nægilega sýnileg og mætti styrkja hana með markvissari markaðssetningu, svipað og gert er með íslenskt grænmeti og ávexti. Með því að nota lógó eins og „Íslenskt – já takk“, merkja tré með upprunaskógi og merki skógræktarfélags eða skógarbónda og nota lýsingarorð eins og „stuttflutt“ – hugtak sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur þróað – mætti skýra betur gæði og umhverfislega yfirburði íslenskra trjáa.

Heildarfjöldi selda jólatrjáa á árunum 1993 til 2023



Umhverfisáhrif

Í samanburði við gervitré eru lífræn tré betri nema plasttréð sé notað í fjölda ára. Komi lifandi tré úr (stór)framleiðslu er kolefnisspor þess nokkrum sinnum minna en kolefnisspor plasttrés, en tréð er samt frekar að skora hátt yfir heild miðað við það að framleiðslan er ekki mjög umhverfisvæn. Í iðnaðaraðstæðum eru trén ræktuð í nokkur ár í gróðurhúsi, tekin síðan og plöntuð í ekrum, notuð eru tæki til að klippa og snyrta trén, oft er borin áburður og stundum vökvað, svo er það síðan flutt á skipi frá meginlandi, keyrt á vörubíl

til sölustaðarins og síðan er það sótt af kaupanda sem tekur það á heimilið sitt. Hins vegar er flestum þessum skrefum sleppt ef tréð er látið vaxa í náttúrunni og tekið eftir 10 eða 15 ár. Þá verður eftir rótakerfi sem bætir jarðveginn og enn betra er ef tréð er notað sem kjarnolía eða kurl eftir að hafa þjónað í stofunni okkar. Enn betra er að nota sjálfsáð tré eins og sum skógræktarfélög gera og ef trén eru seld í sama landshluta er vel hægt að áætla að þau yrðu kolefnishlutlaus eða jafnvel kolefnisjákvæð.

Íslensk skógræktarfélög selja um það bil fimm til sex þúsund tré ár hvert, Land og skógur (Skógræktin) um 2000 og einnig hafa skógarbændur tekið þátt í sölunni síðan 2009, þá selja þeir frá nokkur hundruð trjáa til 1500 tré ár hvert. Þessar tölur fara vaxandi þegar horft er á sölu skógræktarfélaganna sem að öllum líkindum eru að taka trén úr sínum eigin skógum en hjáá ríkisskógum eru tölurnar minnkandi. Skógarbændur eiga eftir á næstum árum einnig að koma sterkara inn á markaðinn.

Hlutverk Skógræktarfélags Íslands og nýting sérstöðunnar

Skógræktarfélag Íslands getur, með því að efla starfsemi smærri skógræktarféлага, stutt þau í aukinni sölu beint úr skógum eða í heildsölu. Það má meðal annars gera með fræðslu um val jólatrjáa, rétta umgengni við höggvun, flutning og frágang, auk grisjunar, sem ætti alltaf að vera meginforsenda fellingar jólatrjáa. Einnig gæti Skógræktarfélag Ísland innleitt staðla eða gátlista sem skógarhöggssfólk getur notað til að velja tré á réttan hátt.

Að auki getur Skógræktarfélag Íslands miðlað upplýsingum úr gagnagrunni sínum, tengt saman skógarbændur og skógræktarfélög sem hafa áhuga á jólatrjáahöggi í sínum landshluta, lagt til verðviðmið og stuðlað að auknu samstarfi milli allra hagsmunaaðila.

Land og skógur og skógarbændur sem hyggjast fara í fellingu jólatrjáa þurfa að eiga gott samráð um hvaða svæði henta og hversu mörg tré megi taka. Æskilegt væri að skógarráðgjafar myndu við úttektir sjálfkrafa taka tillit til mögulegrar jólatrjáagrisjunar, án þess að sérstaklega þurfi að óska eftir því.

Skógræktarfélag Íslands er í sterkri stöðu til að tengja saman skógræktarfélög og smásöluaðila og getur nýtt þá stöðu til að auka sölu íslenskra jólatrjáa með því að gegna auknu milliliðshlutverki. Þetta gæti orðið grunnur að sameiginlegum jólatrjáamarkaði sem myndi einfalda sölu og kaup á jólatrjám fyrir alla hagsmunaaðila.

Hugmynd um bætt útlit á miðanum – upplýsingar um nákvæman uppruna trjáa geta verið mikilvægur þáttur í markaðssetningu þeirra. Skógræktarfélög sem og skógarbændum geta þannir samræmt vöruúrval sitt og gengið inn á markaðinn sem ein heild. Þessu þarf auðvitað að fylgja samræmi í gæðakerfinu og er til þess notaður t.d. gátlisti þegar valin eru tré til fellingar:



STIGAKERFI

Greiningin gerir ráð fyrir því að engin óverulegur galli finnist á trénu sem útilokar val þess sem jólatrés strax. Dæmi

- greinar snúa aðeins rangt vegna staðsetningar trésins (teygja sig í sólina) en þær eru ekki alveg að skemma heildarmyndina

- greinar eru þrjár í stað fyrir fjórar í einum kransi en fjórar eða fimm annars staðar

Tvístofna eða margstofna tré koma vanalega ekki til greina sem jólatré, þumalputtareglan þarf sem sagt alltaf að vera að tréð er komið í gegnum “forsíu”.

Greinar

Greinar snúa rangt →	☐	-1
Greinar ekki jafnmargar allan hringinn →	☐	-1
Stórt gat/op á einni hlið →	☐	-2
Brotnar/skaddaðar greinar →	☐	-1 til -2

Nálar

Vantar nálar á hluta greinar →	☐	-1
Mikil gulnun á stöku stað →	☐	-1
Gulnun víða →	☐	-2
Nálar falla auðveldlega →	☐	-2

Toppur

Toppur of lágur →	☐	-1
Toppur skakkur →	☐	-1
Tvítoppar / fleiri toppar →	☐	-2
Toppur skemmdur →	☐	-2

Litur

Of ljóst → .	☐	-1
Heilt tré gult →	☐	-2
Ójafn litur →	☐	-1

Ársvöxtur / bil milli greinakransa

Bil > 30 cm á einum stað → ☐ -1

Bil > 30 cm á fleiri stöðum → ☐ -2

Mjög ójafn ársvöxtur → ☐ -1

Stofn

Stofn skakkur → ☐ -1

Stofn mjög skakkur → ☐ -2

Flokkun

A-flokkur

0–1 mínusar

Hágæða tré

Beint, jafnt og fallegt allan hringinn

B-flokkur

2–3 mínusar

Gott jólatré

Minni gallar, en heildarmynd góð

C-flokkur

3 - 5 mínusar

Augljósir gallar, hentar ekki – hugsa frekar í að nota sem tröpputré

D / fellt

5+ mínusar

Ekki söluhæft tré nema í sérflokk - sérstök tré



SKÓGRÆKTARFÉLAG
ÍSLANDS

https://maskina.is/wp-content/uploads/2023/01/2022_12-J%C3%B3lasveinar-og-j%C3%B3latr%C3%A9-Mask%C3%ADnusk%C3%BDrsla.pdf

<https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/manntal/manntal-fjolskyldur-og-heimili/>

<https://skogur-is.manjaro.stefna.is/is/nyskograekt/trjategundir-og-trjaheilsa/jolatre/umhverfisahrif-jolatrjaa>